

Alþingi

Berist til: Efnahags- og viðskiptanefndar

Reykjavík, 10. maí 2011.

Umsögn Félags kvenna í atvinnurekstri við frumvarp til m breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum (ársfundir, stjórnir og fjárfestingarstefna sjóða), 491. mál lagafrumvarp 139. löggjafarþingi, þingskjal 794.

Félag kvenna í atvinnurekstri (FKA) óskar að koma á framfæri umsögn sinni um framangreint frumvarp.

Frumvarpið miðar að því að breyta ákvæðum laga nr. 129/1997 m.a. hvað varðar stjórnir lífeyrissjóða. Af því tilefni telur FKA brýnt að hugað sé að því að með lögum nr. 13/2010 voru gerðar breytingar á hlutafélagalögum nr. 2/1995 og lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994 hvað varðar kynjahlutfall í stjórnnum hlutafélaga og einkahlutafélaga.

Ekki voru gerðar sambærilegar breytingar þá á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Það er skoðun FKA að með vísan til eðlis lífeyrissjóða, sem geyma lífeyrissparnað landsmanna, þá sé ekki síður brýnt að tryggja aðkomu beggja kynja að stjórnnum þeirra. Því leggur FKA áherslu á að gerð verði breyting á fyrirbyggjandi frumvarpi þannig að það geymi samsvarandi ákvæði um kynjahlutfall í stjórnnum lífeyrissjóða og framkvæmdastjórnnum og er að finna í 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Það hefur um langt skeið verið svo að aðilar vinnumarkaðarins hafa tilefnt stjórnarmenn lífeyrissjóða. Félag kvenna í atvinnurekstri telur að þetta fyrirkomulag hafi þegar á heildina er litið átt þátt í að tryggja mikilvægan stöðugleika um rekstur lífeyrissjóða landsmanna. Það er að mati félagsins varhugavert að ráðast nú í breytingu á þessu fyrirkomulagi sem gæfi aðalfundum lífeyrissjóða sem almennt eru fásóttir fundir, vald til að skipta út stjórnnum lífeyrissjóða á hverjum aðalfundi. Þá telur FKA að óheppilegt sé nú að gera róttækar breytingar á skipun stjórnna lífeyrissjóða sem myndi leiða til þess að stjórnir sjóðanna endurnýjuðust mjög hratt. Við það væri hætt við að mikilvæg reynsla og þekking glataðist úr sjóðsstjórnnum sem væri óheppilegt fyrir rekstur lífeyrissjóðanna. Stjórnir lífeyrissjóða megi ekki endurnýjast of hratt, en eðileg nýliðun sé heppileg og við þá nýliðun þurfi nú að tryggja að bæði kynin komi að stjórnnum lífeyrissjóða landsmanna. Það hefur ekki gengið nægilega vel fram að þessu að ná því markmiði og því er það mat FKA að rétt sé að setja ákvæði um kynjahlutföll með sama hætti og gert hefur verið í löggjöf um hlutafélög og einkahlutafélög.

Það er þannig álit FKA að samtök launþega og atvinnurekenda eigi áfram að vera þeir aðilar sem skipi stjórnir lífeyrissjóða. Í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eigi að kveða skýrt á um almenn hæfisskilyrði fyrir stjórnarmenn sem taki mið af þeirri gríðarlegu ábyrgð sem felst í stjórnarsetu í lífeyrissjóðum og jafnframt eigi í lögnum að kveða á um kynjahlutföll í stjórnnum lífeyrissjóða.

Virðingarfyllst,

Hafþís Jónsdóttir, formaður FKA